

Fundargerð tuttugasta og þriðja fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 8. febrúar 2006

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 09:20-10:30.

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn þær Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna og Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða. Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis var í leyfi.

Dagskrá

1. Álitsgerð skráningarráðs vegna frekari yfirlýsinga gagna í Gegni.
2. Önnur mál

Undirbúningsfundur skráningarráðs um álitsgerðina var haldinn á Borgarbókasafni mánudaginn 6. febrúar, kl. 13:30-14:30. Á þeim fundi voru þær Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Áður hafði yfirlýsingahópur fundað með viðkomandi aðilum um málið.

1. Álitsgerð skráningarráðs vegna frekari yfirlýsinga gagna í Gegni.

Formaður skráningarráðs lagði fram skjalið *Álitsgerð skráningarráðs vegna frekari yfirlýsinga gagna í Gegni*, sem gengið var frá á undirbúningsfundinum 6. febrúar sl. (Fskj. 1.1) og enn fremur nýja útgáfu skjalsins (Fskj. 1.2) sem farið var yfir og rædd. Gerðar voru lítilsháttar breytingar á skjalinu. Álitsgerðin var síðan samþykkt samhljóða. Formaður gengur frá henni, sendir skráningarráði og til stjórnar Landskerfis bókasafna hf. og afrit til framkvæmdastjóra. (Fskj. 1.3)

2. Önnur mál

- a) Sigrún Hauksdóttir lagði fram skjalið: *Verkferli vegna yfirlýsinga annarra safna*, kynningu á powerpoint-formi, dags. 8. febrúar 2006 sem lagt verður fyrir stjórn Landskerfis bókasafna næsta dag. Sigrún kynnti skjalið, farið var yfir það, það rætt og gerðar lítilsháttar athugasemdir. (fskj. 2.a.1)
- b) Skráning tónlistarefnis. Rædd var nauðsyn þess að gera átak í skráningu eldra tónlistarefnis. Fram kom að nú stendur yfir umsóknarferli vegna umsókna til Verk-efnisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Kynningarfundur verður haldinn með Upplýsingu o.fl. mánudaginn 20. feb. nk. í menntamálaráðuneytinu þar sem ræddar verða hugmyndir að verkefnum. Ákveðið að athuga hvort skráning tónlistarefnis geti orðið styrkhæft verkefni þar.
- c) Næsti fundur
Stefnt á næsta fund 23. febrúar næstkomandi.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 8. febrúar 2006